



Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. desember 2010
2010110203/0.1.2/HB/jh

Umsögn sóttvarnalæknis um þskj. 207 — 190. mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu. (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Almennar athugasemdir.

Verði frumvarpið að lögum verður til ný stofnun “embætti landlæknis og lýðheilsu”. Engin tillaga er gerð um breytingu á lögum um sóttvarnir nr. 19/1997 með síðari breytingum. Heilbrigðisráðuneytið hefur upplýst sóttvarnalækni um að ekki hafi staðið til að gera neinar breytingar hvorki á lögum um sóttvarnir að þessu sinni eins og frumvarpið ber með sér né á erindisbréfi sóttvarnalæknis.

Megin hlutverk embættis landlæknis og lýðheilsu er eftirlit, ráðgjöf, upplýsingaöflun, rannsóknir og ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög. Sóttvarnalög eru sérlög sem kveða nánar á um framkvæmd sóttvarna sem er á ábyrgð sóttvarnalæknis. Sóttvarnalögin kveða skýrt á um að sóttvarnalæknir heyri milliliðalaust undir ráðherra hvað varðar opinberar sóttvarnaráðstafanir.

Sóttvarnaráð, sem lögum samkvæmt mótar stefnu í sóttvörnum og er heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar, hefur ítrekað bent á að nauðsynlegt sé að skýra vel stjórnarsýslustöðu sóttvarnalæknis og að gerður sé greinarmunur á eftirliti og framkvæmd. Í frumvarpi heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á sóttvarnalögum nr. 19, 17. apríl 1997, sem lagt var fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2006, var m.a. gert ráð fyrir stofnun embættis sóttvarnalæknis sem eftir sem áður hefði aðsetur hjá landlæknisembættinu og ætti því ekki að leiða til kostnaðarauka. Þetta ákvæði laganna náði ekki fram að ganga. Til að fá stjórnarsýslustöðu sóttvarnalæknis betur skýrða ritaði ráðherra sóttvarnalækni erindisbréf árið 2007 sem hefur verið í gildi síðan.

Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að öll störf hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð verði lögð niður frá 1. janúar 2011. Starfsmönnum landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar skuli boðið starf hjá hinu nýja embætti frá og með sama tíma. Einnig er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að flytja landlækni, sem skipaður er samkvæmt lögum um landlækni, í embætti landlæknis og lýðheilsu skv. 36. gr. laga nr. 70/1996.

Sóttvarnalæknir er skilgreindur í lögum. Ef engin breyting er gerð á sóttvarnalögum og starfsemi sóttvarnalæknis samkvæmt frumvarpinu er nokkuð sérstakt að leggja starf hans niður.

Niðurstaða

Með tilliti til allra aðstæðna og í ljósi framansagðs sem felur í sér að ekki verði gerð breyting á efni sóttvarnalaganna og erindisbréfi ráðherra til sóttvarnalæknis gerir sóttvarnalæknir ekki athugasemdir við frumvarp þetta aðra en þá að leggja til að ráðherra skipi sóttvarnalækni við nýja stofnun sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 70/1996.

Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, ritari sóttvarnaráðs

Afrit: Guðbjartur Hannesson, heilbrigðisráðherra
Geir Gunnlaugsson, landlæknir